

375. – Stjórnarfundur LEB 9. október 2023
Kl. 14.00 – staðfundur að Ármúla 6

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Magnús Jóhannes Magnússon.
Jónas Sigurðsson varamaður boðaði forföll.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 29. september, borin upp**
Samþykkt

- Við bíðum... EKKI LENGUR!**

Opið málþing um kjaramál eldra fólks mánudag 2. október 2023

Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju sinni með alla framkvæmd málþingsins og frammistöðu bæði starfsfólks sem þátttakaenda.

Málþingið gekk samkvæmt áætlun eins og það var reifað í síðustu stjórnarfundergerð, nema Sonja Ýr Þorbergsdóttir hjá BSRB forfallaðist sem þátttakandi í pallborði.

Salurinn á Hilton Reykjavík Nordica tók um 300 manns í sæti og var salurinn troðfullur. Þá var uppsafnað streymisáhorf um 4.500 og tæplega 600 sem fylgdust með þegar mest var. Þess má einnig geta að streymið var vel nýtt því víða um land gátu félagar í einstökum aðildarfélögum safnast saman og horft á streymið í félagsaðstöðu félaganna.

Það voru mikil vonbrigði hvað fjölmiðlar sýndu málþinginu lítinn áhuga. Formaður fór í nokkur útvarpsviðtöl gyfyrir málþingið. Enginn fjölmiðill mætti á málþingið sjálft og einungis Morganblaðið hefur birt ályktun málþingsins sem var samþykkt einróma. Á Facebook síðu LEB hefur ályktunin fengið yfir 500 "læk" sem er líklega met.

Í ljósi áhugaleysis fjölmiðla var rætt um að æskilegt væri að ráða markaðsmannesku til að hrinda af stað átaki í að vekja athygli á baráttumálum LEB.

Rætt um hvað nú sé best að gera í framhaldinu, þó engin ákvörðun tekin önnur en sú að þau þrjú sem fluttu framsöguerindi á málþinginu myndu umskrifa þau í greinar til

birtinga í fjöldum eins og Morgunblaðinu, Heimildinni og Vísi. Þær greinar birtast að sjálfsögðu jafnhraðan á vef LEB.

Fyrirhugaðir eru kjaramálaufundir bæði í Reykjanesbæ og á Selfossi, líkt og haldnir voru í september á Akureyri og Ísafirði.

LEB hefur skilað inn umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 og er hana jafnframt að finna á vef LEB.

3. Skýrsla Kolbeins Hólmars Stefánssonar: Lykilstærðir fyrir stefnumótun um afkomu eldri borgara á Íslandi

Því miður barst skýrsla Stefáns svo seint að hún nýttist afar takmarkað fyrir málþingið 2. október sl. Nú er verkefni stjórnarmanna að fara vel yfir það sem kemur þar fram og vinna úr því.

4. Önnur mál

A) Leigufélag aldraðra

Ingibjörg formaður FEB í Reykjavík reifaði mögulega aðkomu LEB að Leigufélagi aldraðra með frekari landvinnungum í byggingu leiguíbúða fyrir tekjulága eldri borgara. Hún og Helgi Pétursson formaður LEB munu hitta lögfræðing næsta miðvikudag til að fara yfir málin.

B) Starfsmaður lýkur störfum


skrifstofustjóri LEB, sem er eini fasti starfsmaður LEB og í hálfu starfi, hefur beðist formlega lausnar frá og með 15. Janúar nk. til "að njóta lífsins" eins og hann orðar það.

C) Myndataka

Tekin var mynd af stjórn eins og boðað var í fundarboði, þó Jónas varamaður í stjórn hafi boðað forföll á síðustu stundu. Myndin fylgir hér með.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Samþykkt á stjórnarfund 3. nóvember 2023



Helgi Pétursson formaður LEB



Stjórn LEB 2023 – 2024. Talið frá vinstri:

Magnús J. Magnússon varastjórn (Selfoss), Ásgerður Pálsdóttir varastjórn (Húnabing),
Þorbjörn Guðmundsson meðstjórnandi (Reykjavík), Inginjörg H. Sverrisdóttir ritari
(Reykjavík), Helgi Pétursson formaður, Drífa Sigfúsdóttir varaformaður (Reykjanésbær) og
Sigrún C. Halldórsdóttir gjaldkeri (Ísafjörður).
Á myndina vantar Jónas sigurðsson varastjórn (Mosfellsbær).